

128. löggjafarþing 2002–2003.  
Þskj. 669 — 393. mál.

## Frumvarp til laga

um breyting á safnalögum, nr. 106/2001.

(Eftir 2. umr., 11. des.)

1. gr.

Orðin „söfnum í eigu ríkisins og“ í 2. másl. 3. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Á eftir orðinu „annast“ í 2. másl. 4. mgr. og 2. másl. 5. mgr. 5. gr. laganna kemur:  
söfnun, skrásetningu, varðveislu.

3. gr.

Við 10. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:  
Kostnaður af starfsemi safnaráðs greiðist úr safnasjóði.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.